

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðskiptabréfareglur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Viðskiptabréfareglur (60%) ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%), Veðréttindi (25%) og Þinglýsingar (15%)		
Prófdagur:	7. nóvember 2012	Kl.:	16:00 til 20:00
Próftími alls:	4 klst.	Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, (þ.m.t. forsíða):	6
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Viðskiptabréfareglur 60%

A. Rétt eða rangt (8%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Gefin eru 1 stig fyrir rétt svar. Dregið er frá 1 stig fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Öll verðbréf eru viðskiptabréf.

☐ Rétt

☐ Rangt

2. Hlutabréf skulu ávallt vera nafnbref.

☐ Rétt

☐ Rangt

3. Skuldari heldur almennt mótbáru sem lýtur að greiðslu vaxta á gjalddaga gagnvart grandlausum framsalshafa, enda er greiðsla vaxta sterk mótbára.

☐ Rétt

☐ Rangt

4. Sterkar mótbáru komast almennt að gagnvart skuldara samkvæmt skuldabréfi sem er rafrænt skráð.

☐ Rétt

☐ Rangt

5. Þegar um viðskiptabréf er að ræða öðlast framsalshafi meiri rétt vegna brígðaréttar en framseljandinn átti vegna réttar þriðja manns.

☐ Rétt

☐ Rangt

6. Ef viðskiptabréf glatast eða eyðileggst eru engin úrræði í lögum til að nýta réttindi sem viðskiptabréfið bar með sér þar sem ekki er unnt að uppfylla skilyrði skilríkisreglunnar.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Þegar um handhafabréf er að ræða komast engar mótbárur skuldara að gagnvart framsalshafa, enda falla þær niður við framsal til hans, sé hann grandlaus.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Tékkar eru ýmist á hendur öðrum manni eða eigin tékkar

☐ Rétt

☐ Rangt

B. Krossaspurningar (16%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Tveir þriðju (0,67) af stigi er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Hver eftirfarandi fullyrðinga eiga við um viðskiptabréf: (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - a) ☐ Skuldbinding samkvæmt gagnkvæmum samningi getur verið talin viðskiptabréf ef samningsaðili tekur á sig skyldu til að greiða ákveðna greiðslu.
 - b) ☐ Peningaseðlar eru algengustu viðskiptabréf sem notuð eru í daglegum viðskiptum.
 - c) ☐ Viðskiptabréf fela í sér einhliða yfirlýsingu, sem gefin er út af útgefandanum sjálfum eða staðgöngumanni hans, geta staðið efnislega sjálfstæð, eru framseljanleg og hafa viðskiptagildi.
 - d) ☐ Viðskiptabréf eru einhliða yfirlýsingar, sem gefnar eru út af útgefandanum sjálfum eða staðgöngumanni hans, þar sem útgefandinn viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu.
2. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt: (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - a) ☐ Falli ein afborgun og vextir skuldabréfs í gjalddaga án greiðslu er kröfuhafa almennt heimilt að gjaldfella alla útistandandi skuld samkvæmt skuldabréfinu án tillits til þess hvort slík heimild komi fram í skuldabréfinu eða ekki.
 - b) ☐ Skuldabréf fela ávallt í sér skuldbindingu til að greiða ákveðna peningafjárhæð.
 - c) ☐ Framseljandi skuldabréfs ber almennt ábyrgð á því gagnvart framsalshafa að krafan samkvæmt skuldabréfinu fáiist greidd.
 - d) ☐ Það er skilyrði svo skjal teljist skuldabréf að það sé vottað af tveimur mönnum um rétta dagsetningu, undirritun og fjárræði útgefanda.

3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt: (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) ☐ Skuldari glatar almennt rétti til að bera fyrir sig veika mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfs án tillits til þess hvort framsalshafi er grandsamur eða grandlaus um mótbáruna.
 - b) ☐ Skuldari glatar almennt rétti til að bera fyrir sig veika mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfs ef framsalshafi er grandsamur um mótbáruna.
 - c) ☐ Skuldari glatar almennt rétti til að bera fyrir sig sterkar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfs ef framsalshafi er grandsamur um mótbáruna.
 - d) ☐ Skuldari glatar almennt rétti til að bera fyrir sig veikar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins ef framsalshafi er grandlaus um mótbáruna.
4. Reglan um innlausnarrétt skuldara felur m.a. í sér að: (réttasti möguleikinn skal valinn):
- a) ☐ Að ef viðskiptabréf eyðileggst eða glatast getur kröfuhafi leyst til sín réttindi samkvæmt bréfinu með sérstöku ferli.
 - b) ☐ Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni ef hann innir greiðslu sína af hendi til hins upphaflega kröfuhafa, enda hvorki viti hann né megji vita að krafan hafi verið framseld öðrum.
 - c) ☐ Þegar greidd er afborgun af skuldabréfi hvílir sú skylda á kröfuhafa að hafa frumrit bréfsins við höndina og rita bæði á bréfið sjálft kvittun fyrir afborguninni og gefa skuldara auk þess lausa kvittun fyrir henni.
 - d) ☐ Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni greiði hann þeim sem hefur viðskiptabréfið í hendi sér með formlega löglegri heimild enda hvorki viti hann þá né megji vita að annar eigi betri rétt til bréfsins.
5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt: (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) ☐ Skuldari tapar almennt veikum mótbárum gagnvart grandlausum framsalshafa skuldabréfs, án tillits til þess hvort um nafnbref eða handhafabref er að ræða
 - b) ☐ Skuldari tapar almennt sterkum mótbárum gagnvart grandlausum framsalshafa skuldabréfs, án tillits til þess hvort um nafnbref eða handhafabref er að ræða
 - c) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur rétt yfir skuldabréfi tapar almennt sterkum mótbárum sem lúta að tilurð framsals skuldabréfs gagnvart grandlausum framsalshafa, án tillits til þess hvort um nafnbref eða handhafabref er að ræða
 - d) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur rétt yfir víxli heldur almennt sterkum mótbárum sem lúta að tilurð framsals víxilsins gagnvart grandlausum framsalshafa.

6. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt varðandi rafræna eignaskráningu verðbréfa: (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) ☐ Eignarskráning rafréfs í reikningsstofnun, að undangenginni lokafærslu reikningsstofnunar, veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skáður eigandi að.
 - b) ☐ Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöð.
 - c) ☐ Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá reikningsstofnun..
 - d) ☐ Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni verðbréfamiðstöðvar um skráningu þeirra berst reikningsstofnun.
7. Þegar viðskiptabréf hefur verið ógilt með dómi: (réttasti möguleikinn skal valinn):
- a) ☐ Falla niður öll réttindi sem viðskiptabréfið bar með sér niður og skuldari er laus undan skuldbindingu sinni.
 - b) ☐ Fellur viðskiptabréfið úr gildi og dómhafa er heimilt að ráðstafa því sem skjalið hljóðaði um eins og hann hefði skjalið undir höndum.
 - c) ☐ Falla niður allar sterkar mótbáurur skuldara.
 - d) ☐ Ekkert af ofangreindu er rétt.
8. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt: (réttasti möguleikinn skal valinn):
- a) ☐ Ef greidd hefur verið afborgun af höfuðstól skuldabréfs telst það vera sterk mótbára skuldara gagnvart grandlausum framsalshafa skuldabréfsins ef bréfið er ekki áritað um afborgunina.
 - b) ☐ Ef greiddur hefur verið allur höfuðstóll skuldabréfs er það sterk mótbára skuldara gagnvart grandlausum framsalshafa skuldabréfsins ef bréfið er ekki áritað um afborgunina. .
 - c) ☐ Ef greiddir hafa verið vextir af skuldabréfi og gefin út laus kvittun til skuldara er það sterk mótbára skuldara gagnvart grandlausum framsalshafa skuldabréfsins þrátt fyrir að bréfið hafi ekki verið áritað um greiðsluna.
 - d) ☐ Ekkert af ofangreindu er rétt.

C. Ritgerðarspurningar (18%).

Svarið **tveimur** af eftirfarandi spurningum.

1. Gerið grein fyrir skilríkisreglunni.
2. Fjallið um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
3. Fjallið um skilyrði mótbárutaps og réttindamissis.

D. Raunhæft verkefni (18%)

Byggingaverktakinn Bubbi hefur undanfarin misseri unnið við smíði á fjölbýlishúsi í úthverfi í borginni. Til að fjármagna framkvæmdina fór hann þess á leit við kunningjakonu sína hana Selmu að veita sér lán, en hann taldi sig fá hagstæðari kjör hjá henni en hjá banka. Selma féllst á að veita Bubba lán að fjárhæð 20.000.000 krónur gegn því að hann gæfi út handhafaskuldabréf fyrir fjárhæðinni. Samkvæmt efni skuldabréfsins skyldi það vera óverðtryggt og bera 5% fasta vexti. Skuldabréfið var gefið út þann 1. nóvember 2010 og skyldi endurgreiða með tveimur 10.000.000 króna greiðslum 1. nóvember 2011 og 1. nóvember 2012 auk þess sem áfallnir vextir skyldu greiðast 1. nóvember 2012. Þar sem Bubbi hugðist greiða skuldina upp samhliða því sem hann seldi íbúðir í fjölbýlishúsinu var einnig samið um að heimilt væri að fyrirframgreiða skuldina að öllu leyti eða hluta fyrir tilgreinda gjalddaga.

Sala íbúða gekk vel og Bubbi greiddi afborgunina að fjárhæð 10.000.000 þann 1. nóvember 2011 og 1. janúar 2012 greiddi hann auk þess 5.000.000 krónur til Selmu sem fyrirframgreiðslu inn á skuldabréfið. Í bæði skiptin framvísaði Selma skuldabréfinu og ritaði kvittanir inn á það um afborganirnar í samræmi við beiðni Bubba. Í mars síðastliðnum varð Selma fyrir því óláni að alræmdur síbrotamaður, Hrappur að nafni, braust inn til hennar og stal skuldabréfinu. Hrappur hafði heyrt frá vini sínum sem var verðbréfamiðlari að svona pappírar væru mikils virði og auðvelt væri að selja þá. Hrappur sá að búið var að árita skuldabréfið um innborganir en honum tókst að afmá þessar áritanir af bréfinu þannig að það bar ekki með sér að greitt hefði verið af því. Hann fór síðan með bréfið til lögmannsins Lofts og bauð honum að kaupa bréfið. Loftur hafði heyrt af velgengni Bubba í byggingarbransanum og áleit bréfið því góðan fjárfestingarkost. Hann keypti því skuldabréfið af Hrappi fyrir 15.000.000 krónur.

Loftur hefur nú krafið Bubba um 20.000.000 krónur auk vaxta. Þegar Selma frétti af þessu hafði hún samband við lögregluna og krafðist þess einnig að Loftur skilaði bréfinu aftur til sín.

1. Fjallið um skyldu Bubba til að greiða af skuldabréfinu til Lofts með hliðsjón af viðskiptabréfareglum sem koma til skoðunar.
2. Fjallið um möguleika Selmu til að bríðna bréfinu frá Lofti með hliðsjón af viðskiptabréfareglum sem koma til skoðunar.

Öll svör skulu vera ítarleg og vel rökstudd. Útskýra skal þær reglur um viðskiptabréf sem til álita koma í hverri spurningu og hvernig þeim skuli beitt í hverju einstöku tilfelli.